

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2004, miðvikudaginn 17. ágúst 2004, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **29. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

1. Vilhjálmur Ísaksson, Túngötu 20, Grenivík, sækir um leyfi til að byggja sólskála við íbúðarhúsið að Túngötu 20, samkvæmt meðfylgjandi teikningum eftir Árna Gunnar Kristjánsson, dags. í júlí 2004.
Erindið samþykkt.
2. Jónas Halldórsson, Sveinbjarnargerði III, Svalbarðsstrandarhreppi, sækir um leyfi til að hefja framkvæmdir við viðbyggingu og bílskúr við íbúðarhúsið að Sveinbjarnargerði III, samkvæmt meðfylgjandi tillöguteikningu frá H.S.Á teiknistofu, dags. 08.10.2003, verk nr.03-210
Byggingarnefnd samþykkir að framkvæmdir megi hefjast við undirstöður.
3. Slysavarnardeild kvenna, Búðarfjörú 7, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja aðstöðuhús úr timbri á lóð nr. 52, að Hálsi í Eyjafjarðarsveit, samkvæmt teikningum frá teiknistofunni Form, dags. 15.07.2004.
Erindið samþykkt.
4. Sigurður Ólafsson, Skarðshlíð 23 F, Akureyri, sækir um leyfi byggingarnefndar til að byggja sumarhús úr timbri, á landspildu úr jörðinni Árbakka, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt teikningu frá Sigurbergi Árnasyni dags. 05.08.2004.
Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
5. Óli Valur Stefánsson, Teigi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 7 við Skógartröð í Reykárhverfi, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt teikningum frá Opus teikni & verkfræðistofu, dags 20.07.2004, verk nr. 040701.
Erindið samþykkt.
6. Stefán Karlsson, Ytri-Bægisá II, Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja gripahús úr timbri og bárujárni, við fjárhúshlöðu á jörðinni Ytri-Bægisá II, samkvæmt teikningum eftir Indriða Arnórsson dags. í ágúst 2004.
Erindið samþykkt, en skila þarf inn nýjum teikningum sem uppfylla kröfur frá eldvarnareftirliti.
7. Magnús Jóhannesson, Akurgerði 27, Akureyri, sækir um leyfi til að breyta áður samþykktu sumarhúsi frá 15. júní sl. á lóð nr. II, á landspildu úr jörðinni Arnarnesi, Arnarneshrepp, samkvæmt teikningu frá H.S.Á teiknistofu, verk nr. 04-1202.
Erindið samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30

Hreiðar Hreiðarsson
Kristján Kjartansson
Hermann Jónsson

Klængur Stefánsson
Bragi Pálsson
Jósavin Gunnarsson